

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 12 í stjórn Herjólfss ohf. haldinn föstudaginn 23. nóvember 2018, kl. 11:30 (símafundur).

Mættir eru: Lúðvík Bergvinsson stjórnarform. (LB) Grímur Gíslason (GG), Arndís Bára Ingimarsdóttir (ABI), Páll Guðmundsson (PG), Birna Þórsdóttir (BP) og Guðbjartur Ellert Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins (GEJ).

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir komu fram um boðunina.

Dagskrá fundarins:

1. Staðan á nýsmíði skipsins og móttaka.

GG og PG upplýsa um stöðuna á nýsmíði skipsins.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra um stöðu ráðningarmála, öflun skírteina, rekstraráætlun og fleira.

Framkvæmdastjóri fór munnlega yfir þau atriði sem hann hefur unnið að frá síðasta stjórnarfundi, en í frásögn hans kom m.a. fram að hann hefur að undanförunni unnið að neðangreindum verkefnum og fundað með tilteknum aðilum af þeim sökum. Upptalningin er ekki tæmandi, en stiklað á stóru í því sem fram kom hjá framkvæmdastjóra:

- Framkvæmdastjóri fór yfir rekstraráætlun félagsins auk fylgigagna.
- Staða starfsmanna- og ráðningamála.
- Fundað með væntnalegum verktökum í Landeyjahöfn og Þorlákshöfn.
- Fundað með forsvarsmanni núverandi rekstraraðila um bókanir og sölu á ferðum nýja skipsins sem hefjast væntanlega í næstu viku ef allt gengur eftir.
- Fundað með fjarskiptaaðilum sem munu þjónustu félagið/skipið um mögulegar fjarskiptalausnir og þann búnað sem þarf að vera til staðar í skipinu.
- Fundur með bæjarráði.
- Unnið að öflun skírteina sem þurfa að liggja fyrir við komu skipsins til landsins.
- o. fl. o. fl.

Stjórnarformaður þakkar framkvæmdastjóra góða yfirferð og lýsingu á stöðu undirbúningsvinnu sem er í gangi vegna yfirtöku félagsins á rekstri Herjólfss.

3. Fundir með Vegagerðinni.

Stjórnarformaður kynnir fyrir stjórn fundargerð frá fundi sem stjórnarformaður, varaformaður og framkvæmdastjóri áttu með Vegagerðinni þann 22. nóvember sl.

4. Útboð á bókunarkerfi, heimasíðu o. fl.

Framkvæmdastjóri fór ítarlega yfir undirbúningsvinnu og forsendur útboðsins og upplýsir að fjórum fyrirtækjum hafi verið boðin þátttaka í því, en framkvæmdastjóri hefur fundum með fulltrúum fyrirtækjanna.

5. Eigendastefna Vestmannaeyjabæjar.

Eigendastefna Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf. rædd.

Tillaga lögð fram og samþykkt um að stjórnarformaður sendi bæjarráði bréflega sjónarmið og spurningar stjórnar sem tengjast eigendastefnunni og óski eftir fundi með ráðinu og fulltrúum stjórnar þar sem stefnan og sjónarmið stjórnar verði rædd.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál voru rædd.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið um kl. 13:00.

Fundargerð ritaði ABI, ritari stjórnar.